Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 28. janúar 2019
VEL2018100003
2.6.0

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Á fundi velferðarráðs þann 23. janúar 2019, voru lagðar fram tillögur starfshóps um úthlutun styrkja og þjónustusamninga velferðarráðs fyrir árið 2019. Trúnaðarmál.

Samþykkt.

Heiða Björg Hilmisdóttir og Kolbrún Baldursdóttir víkja sæti undir þessum lið.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

> Það er jákvætt að sjá styrkjaúthlutanir velferðarsviðs til málefna en ýmsar mikilvægar styrkumsóknir fengu þó ekki styrk eða fá hluta upphæðarinnar sem þau sóttu um. Sósíalistar hefðu viljað sjá fleiri styrkumsóknir samþykktar og minna þar á tillögu þess efnis um að Reykjavíkurborg vinni að því að koma útsvari á fjármagnstekjur og aðstöðugjöld á fyrirtæki til að fjármagna öll þau mikilvægu verkefni sem sveitarfélögin sinna. Þar gæti Reykjavíkurborg leitað til hinna sveitarfélaganna í landinu með það að markmiði að mynda samstöðu til að beita sér fyrir því að aðstöðugjald verði aftur lögð á fyrirtæki og að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur. Aðstöðugjöld voru veigamikill hluti af tekjustofni sveitarfélaganna og þess má geta að ef 1,3% aðstöðugjald hefði verið lagt á veltu tíu stærstu fyrirtækjanna sem voru með höfuðstöðvar sínar í Reykjavík árið 2017 hefði borgarsjóður fengið um 9,7 milljarða (þessu er ætlað að gefa grófa mynd af stöðunni en þar þarf að skoða ýmsa þætti, í útsvari er t.d. jöfnunargjald til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sjálfsagt að reikna með einhverju slíku í aðstöðugjaldi, þannig að tekjur dreifist til fleiri sveitarfélaga). Fjármagnstekjur bera ekkert útsvar líkt og launatekjur. Mikilvægt er að fyrirtæki og fjármagnseigendur greiði í sameiginlegan sjóð okkar.

Tillögur starfshóps um þjónustusamninga til þriggja ára eru hér með sendir borgarráði til samþykktar.
Tillögur starfshóps um úthlutun almennra styrkja og eins árs samninga eru hér með sendar borgarráði til kynningar.

Óskað er eftir trúnaði á meðfylgjandi gögnum fram yfir afhendingu styrkja.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

VEL2018100003
346. fundur
Lagt fyrir fund velferðarráðs 23. janúar 2019

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

Meðfylgjandi eru tillögur starfshóps um styrkveitingar velferðarsviðs fyrir árið 2019 en í hópnum áttu sæti Heiða Björg Hilmisdóttir formaður velferðarráðs og Egill Þór Jónsson fulltrúi í velferðarráði. Alls bárust 32 umsóknir um almenna styrki að upphæð 37,2 mkr. , 14 umsóknir um samninga til eins árs að upphæð kr. 53,2 mkr og 6 umsóknir um samninga til þriggja ára að upphæð kr. 32 mkr.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að almennum styrkjum að upphæð 9, 5 mkr og þjónustusamningum að upphæð 71, 95 mkr. Bundið er fyrir í þjónustusamningum til þriggja ára 50,6 mkr.

# Þjónustusamningar og styrkir - Yfirlit 2019

Lagt fyrir velferðarráð 23.janúar 2019

| | Rauntölur 2018 | Frumvarp 2019 | Tillaga 2019 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| Þjónustusamningar og styrkir til félagsmála - F3610 - áætlun | | 138.531.894 | | |
| *Almennir styrkir* | 18.432.000 | | 10.050.000 | |
| *Þjónustusamningar* | 120.099.894 | | 70.950.000 | |
| Þjónustusamningar samþykktir 2018 til þriggja ára*** | | -50.600.000 | 50.600.000 | Þjónustusamningar sem búið er að ráðstafa |
| **Samtals** | **138.531.894** | **87.931.894** | **131.600.000** | |
| | | | 6.931.894 | Afgangur |

Lagt fyrir velferðarráð 23.janúar 2019

| Umsóknir um almenna styrki 2019 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Umsækjandi** | **Heiti verkefnis** | **Rauntölur 2018** | **Umsókn 2019** | **Tillaga fyrir 2019** |
| 1 | **ADHD Samtökin** | *ADHD 30 ára afmælisráðstefna.* 30 ára afmælishátíð 18. - 19. október nk. sem ber heitið "Allt sem þú ekki vissir um ADHD og konur og systkini..." | 0 | 5.500.000 | 0 |
| 2 | **ADHD Samtökin** | Þýðingar á ensku og pólsku bæklingar um "Börn og ADHD" og "Fullorðnir og ADHD". | 0 | 1.100.000 | 550.000 |
| 3 | **ADHD Samtökin** | *Bæklingur um systkini og ADHD* . Drífa Björk Guðmundsdóttir doktor í sálfræði mun skrifa upplýsingabæklinginn. Við munum hafa umsjón með uppsetningu, prentun og dreifingu. Bæklingurinn stendur öllum leik- og grunnskólum ásamt velferðarstofnunum og öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar til boða. | 0 | 550.000 | 300.000 |
| 4 | **Ástbjörg Rut Jónsdóttir** | *Táknmálstúlkun í leikhúsi* . Táknmálstúlkun leiksýningar í atvinnuleikhúsi, með áherslu á skuggatúlkun | 0 | 1.000.000 | 0 |
| 5 | **Barnaheill** | *Innlend verkefni Barnaheilla.* Innlent starf Barnaheilla samanstendur af málsvarahlutverki, réttindabaráttu, vernd barna gegn hverskyns ofbeldi og vanrækslu, forvörnum og fræðslu. | 700.000 | 1.500.000 | 700.000 |
| 6 | **Einhverfusamtökin** | *Stuðningshópur fyrir einhverfa í Reykjavík.* Einhverfusamtökin reka stuðningshópa fyrir unglinga og fullorðna á einhverfurófi. Markmiðið er að efla félagsfærni og þátttöku í samfélaginu. | 600.000 | 600.000 | 500.000 |
| 7 | **Ferðafélagið Víðsýn** | *Ferðafélag.* Félagið stendur fyrir ferðalögum fólks með geðraskanir, með það að markmiði að efla sjálfstraust, lífsfyllingu, vellíðan auk þess að auka víðsýni þeirra um 50 félaga sem eru meðlimir. | 0 | 800.000 | 0 |
| 8 | **Félag áhugafólks um tölvu- og netfíkn** | *Hópmeðferðarúrræði við tölvu- og netfíkn.* Hópmeðferðarúrræði við tölvuifíkn þar sem 6 manns funda vikulega með sálfræðingi og sérfræðingi í 8 vikur. (tvisvar í viku) | 0 | 4.500.000 | 0 |
| 9 | **Félagsstofnun stúdenta** | *Stuðningur við húsaleigu stúdenta.* Sótt er um styrk til að halda húsaleigu til stúdenta eins lágri og nokkur kostur er. | 1.500.000 | Ótilgreint | 0 |

| | Umsækjandi | Heiti verkefnis | Rauntölur 2018 | Umsókn 2019 | Tillaga fyrir 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| 10 | **Handaband** | Handaband er þróunarverkefni sem gengur út á að bjóða upp á nýtt virkniúrræði, skapandi vinnustofur, á félagsmiðstöðvum og samfélagshúsum Reykjavíkurborgar. | 1.000.000 | 1.045.000 | 1.000.000 |
| 11 | **Hjálparstarf kirkjunnar** | *Töskur með tilgang.* Virkniverkefni fyrir erlendar konur sem hittast vikulega og sauma fjölnota innkaupapoka og eiga saman ánægjulega og gefandi stund. | 0 | 2.000.000 | 500.000 |
| 12 | **Hjálpræðisherinn** | *Opið hús fyrir unglinga.* Opið hús með heitri máltíð fyrir unglinga. | 0 | 3.000.000 | 0 |
| 13 | **Hjálpræðisherinn** | *Opið hús* . Matur, kaffi og spjall (samtal) fyrir einmana og utangarðs. | 0 | 3.000.000 | 1.000.000 |
| 14 | **Hjálpræðisherinn** | *Heimanámsaðstoð fyrir börn og unglinga.* | 0 | 1.500.000 | 1.500.000 |
| 15 | **Höndin** | *Sjálfstyrking og samhjálp.* Sjálfstyrking fyrir einstaklinga eftir áföll til að efla þá, greina vanda og benda á lausnir. Efla félagslega færni og atvinnuþátttöku. | 500.000 | 500.000 | 500.000 |
| 16 | **Hörður Jónasson / Vinaskákfélagið** | *Vinaskákfélagið.* Aðalmarkmið Vinaskákfélagins er að starfa að krafti fyrir fólk með geðraskanir og öryrkja. Styrkur sem þessi myndi auðvelda starf okkar. | 200.000 | 500.000 | 100.000 |
| 17 | **Íbúasamtök Kjalarness** | Mikilvægt er að aðgengi sé fyrir alla aldurshópa að skipulagðri hreyfingu og það vantar fyrir eldri borgara á Kjalarnesi. Ráða íþróttakennara/sjúkraþjálfara með sérþekkingu á hreyfingu eldri borgara og gæti tekið að sér vatnsleikfimi fyrir eldri borgara á Kjalarnesi 1x í viku frá byrjun janúar 2019 og út maí 2019. | 0 | 599.040 | 0 |
| 18 | **Kvenfélag Árbæjarsóknar** | *Árpokinn - saumum saman* . Verkefnið er samstarf Kvenfélags Árbæjarkirkju, Bókasafnsins í Árbæ, Félagsmiðstöðvarinnar Hraunbæ 105 og Þjónustumiðstöðar Árbæjar. Því er meðal annars ætlað að draga úr plastpokanotkun með því að endurnýta efni og fatnað sem hægt er að sauma margnota poka úr. | 0 | Ótilgreint | 50.000 |
| 19 | **María Jónsdóttir** | *Fræðslumyndband - kynheilbrigði.* 2 Fræðslumyndbönd annars vegar um sambönd og snertingu og hinsvegar um samþykki ætlað fyrir fólk með frávik í taugaþroska. | 0 | 530.000 | 250.000 |

| | Umsækjandi | Heiti verkefnis | Rauntölur 2018 | Umsókn 2019 | Tillaga fyrir 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| 20 | **Ný dögun** | *Fræðsla og hópastarf fyrir aðstandendur vegna fíknidauða* . Starfið felur í sér fræðslukvöld og hópastarf fyrir aðstendendur þeirra sem hafa misst einhvern nákominn vegna fíkniefnaneyslu. | 0 | 622.000 | 300.000 |
| 21 | **Ragnheiður Þorgrímsdóttir** | *Málningarkaffi.* Myndlistarnámskeið fyrir félagsstarf aldraðra. Unnið er að listsköpun í bland við listræna umræðu hlustað á tónlist með molasopa. | 0 | 400.000 | 0 |
| 22 | **Rauði krossinn / Heimsóknarvinir** | *Heimsóknarvinir.* Sjálfboðaliðar, karlar og konur frá 18 ára aldri heimsækja félagslega einangraða einstaklinga einu sinni í viku í klukkustund í senn. | 1.000.000 | 1.500.000 | 1.000.000 |
| 23 | **Rekstrarfélag félagsheimilisins** | *Rekstur félagsaðstöðu* . Styrkur til rekstrarfélags félagsheimili BAKKA fyrir funda-, þjálfunar- og starfsaðstöðu vélhjólafólks sem eru félagar í B.A.C.A. á Íslandi | 0 | 1.800.000 | 0 |
| 24 | **Samskiptamiðstöð heyrnalausra** | *Túlkaþjónusta - menningarlíf.* Túlkun í tómstundar - og menningarviðburðum fyrir heyrnalausa, heyrnaskerta og daufblinda borgarbúa. | 0 | 1.013.400 | 0 |
| 25 | **Samvera og súpa** | Góður félagsskapur sem vinnur gegn félagslegri einangrun. | 200.000 | 300.000 | 200.000 |
| 26 | **SÁÁ** | *Sálfræðiþjónusta fyrir börn alkóhólista* . Þjónustan er fyrir börn 8-18 ára sem eiga aðstandendur með áfengis- og vímuefnavanda. | 0 | 5.000.000 | 0 |
| 27 | **SÁÁ** | Fræðsla og forvarnir fyrir foreldra. Fyrir foreldra sem eiga börn á aldrinum 15-25 ára sem eru í áhættuhópi eða eru byrjuð að nota vímuefni. | 0 | 500.000 | 0 |
| 28 | **Sigrún Huld Þorgrímsdóttir** | *Ný menning í öldrunarþjónustu.* Útgáfa bókar með þessu nafni. Ég gef bókina út sjálf og dreifi henni sjálf. | 0 | 1.000.000 | 0 |
| 29 | **Styrktarsjóður Ljósbrots - lýðheilsustöð** | *Pepp Upp - Framtíð til farsældar.* Sérsniðið að ungmennum sem glíma við depurð,kvíða,einmannaleika,fíknivanda ofl. sem vilja ná tökum á lífinu og byggja sig upp. | 1.000.000 | 1.890.000 | 1.000.000 |

| | Umsækjandi | Heiti verkefnis | Rauntölur 2018 | Umsókn 2019 | Tillaga fyrir 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| 30 | **Þóra Jónsdóttir** | *Syngjum og öndum saman.* Boðnar verða samverustundir á stofnunum borgarinnar, sambýlum, vistheimilum og annars staðar þar sem börn eða fullorðnir dvelja. | 0 | 500.000 | 500.000 |
| 31 | **Þórdís Rúnarsdóttir / Sálfræðingar Höfðabakka** | *Sterkari út í lífið.* Forvarnarverkefni sem beinist að foreldrum og kennurum barna og unglinga. Tilgangur þess að efla sjálfsmynd þeirra. | 500.000 | 1.000.000 | 0 |
| 32 | **Söngfuglar, kór félagsstarfs aldraðra** | *Kórsöngur* . Söngæfingar og heimsóknir á sjúkrastofnanir og félagsmiðstöðvar á starfsárinu. | 0 | 100.000 | 100.000 |
| | | **Samtals:** | **7.200.000** | **37.249.440** | **10.050.000** |

| Umsóknir um þjónustusamninga til eins árs 2019 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Fyrirtæki/stofnun** | **Heiti verkefnis** | **Rauntölur 2018** | **Umsókn 2019** | **Tillaga 2019** |
| 1 | **Blindrafélagið** | Óskað er eftir áframhaldandi samning vegna þjónustu við blinda og sjónskerta. Markmið Bliindrafélagsins er að hjálpa blindum og sjónskertum einstaklingum stuðning til aukins sjálfstæði. | 4.200.000 | 5.400.000 | 3.000.000 |
| 2 | **Félag einstæðra foreldra** | Ráðgjöf til einstæðra foreldra í Reykjavík. | 1.250.000 | 7.000.000 | 0 |
| 3 | **Félag heyrnalausra** | *Þjónusta við heyrnalausa íbúa Reykjavíkur* . Þjónusta við heyrnalausa aldraða og einstaklinga á táknmáli vegna einangrunar við almenna þjónustu og samskipti, CODA verkefnið og almenn félagsaðstaða. | 4.600.000 | 11.700.000 | 4.600.000 |
| 4 | **Fjölskylduhjálp Íslands** | *Viðamikil aðstoð við fátæka einstaklinga og barnafjölskyldur í Reykjavík* | 0 | 4.000.000 | 0 |
| 5 | **Gigtarfélag Íslands** | *Félagsstarf, fræðsla og stuðningur við fólk með gigtarsjúkdóma og annan stoðkerfisvanda* . Félagsstarf, jafningjafræðsla og ráðgjöf. Stuðningur við gigtarbörn í leik-, grunn- og framhaldsskólum í borginni, foreldra og starfsfólk. Fræðsluerindi fyrir borgarstarfsmenn. | 0 | 1.400.000 | 1.000.000 |
| 6 | **Hjólakraftur** | *Hjólakraftur.* Erum að vinna í að ná fólki frá vanvirkni til virkni, efla félagslega og andlega heilsu samhliða þeirri líkamlegu. | 0 | 7.000.000 | 4.000.000 |
| 7 | **Hugarafl** | *Valdefling/starfsemi í Hugarafli.* Utanumhald og þjónusta við íbúa Reykjavíkur sem leita til Hugarafls til stuðnings í bataferli sínu. | 4.500.000 | 9.348.000 | 7.000.000 |
| 8 | **Minningarsjóður Einars Darra** | *Ég á bara eitt líf.* Baráttan Ég á bara eitt líf, berst með vitundarvakningu og forvörnum gegn fíkniefnum, með áherslu á misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja. | | ótilgreint | 9.000.000 |

| | Fyrirtæki/stofnun | Heiti verkefnis | Rauntölur 2018 | Umsókn 2019 | Tillaga 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| 9 | **Minningarsjóður Bergs Snæs** | *Samtök um stuðningssetur fyrir ungt fólk.* Samtökin munu setja á stofn stuðningssetur fyrir ungt fólk í vanda. Stuðningssetrið verður staðsett á höfuðborgarsvæðinu. | 0 | 20.000.000 | 9.500.000 |
| 10 | **MS-félag Íslands** | *Þjónustusamningur við ráðgjafaþjónustu.* Félagsráðgjafi veitir einstaklingum með MS-sjúkdóminn og fjölskyldum þeirra stuðning og ráðgjöf til að takast á við breyttar félagslegar aðstæður sem upp geta komið í kjölfar veikinda. | 800.000 | 2.500.000 | 1.200.000 |
| 11 | **Mæðrastyrksnefnd** | *Aðstoð við bágstadda* . Sótt er um styrk til að geta keypt mat og fleira tilheyrandi til að gefa bágstöddum. | 1.500.000 | ótilgreint | 1.500.000 |
| 12 | **Pieta Ísland, félagasamtök** | *Vinna/forvarnir gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.* Þjónusta við fólk í sjálfsvígshættu og með sjálfsskaða og forvarnarvinna. Stuðningur fyrir aðstandendur. | 4.200.000 | 5.500.000 | 3.500.000 |
| 13 | **Rauði krossinn / Frú Ragnheiður** | *Frú Ragnheiður - Skaðaminnkun.* Heilbrigðisaðstoð og nálaskiptaþjónusta fyrir jaðarsetta einstaklinga samkvæmt hugmyndafræði skaðaminnkunar. Sjálfboðaliðar fara á sérútbúnum bíl um borgina sex daga í viku. | 2.500.000 | 7.500.000 | 4.000.000 |
| 14 | **Vímulaus æska - foreldrahús** | Yfirskrift foreldrahúss er fjölskylduráðgjöf og námskeið. Þar er starfandi klíniskur sálfræðingur í hálfu stöðugildi og ICDAC vímuefna- og fjölskylduráðgjafi í fullu starfi. Auk þess eru listmeðferðarfræðingur, fjölskyldumeðferðarfræðingur og annað fagfólk verkefnaráðið | 5.800.000 | Ótilgreint | 6.000.000 |
| | | **Samtals:** | **13.500.000** | **53.248.000** | **54.300.000** |

| Umsóknir um þjónustusamninga til þriggja ára 2019-2021 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Fyrirtæki/stofnun** | **Heiti verkefnis** | **Rauntölur 2016-2018** | **Umsókn 2019-2021** | **Tillaga 2019** |
| 1 | **AE Starfsendurhæfing** | *Hlutverkasetur* . Fræðsla ráðgjöf og jafningjastuðningur. Atvinnuþáttta og samfélagsþátttaka. Úttektir. | 9.650.000 | 11.000.000 | 9.650.000 |
| 2 | **Geðhjálp** | *Geðhjálp til betra lífs.* Verkefnið felur í sér að bæta þjónustu og tryggja réttindi notenda geðheilbrigðisþjónustunnar og aðstandenda þeirra og berjast gegn fordómum. | 4.000.000 | 5.000.000 | 3.000.000 |
| 3 | **Hjálparstarf kirkjunnar** | Út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar, hjálp til sjálfshjálpar. | 2.900.000 | 4.000.000 | 2.000.000 |
| 4 | **Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu** | Félagsstarf í félagsheimili okkar að Hátúni 12 og í Krika við Elliðarvatn og ráðgjöf til allra öryrkja. | 1.000.000 | 2.000.000 | 1.000.000 |
| 5 | **Styrkarfélag klúbbsins Geysis** | Virkni verkefni fyrir einstaklinga með geðfötlun sem búa í búsetukjörnum og búsetuendurhæfingarheimilum í Reykjavík. | 1.000.000 | 2.000.000 | 1.000.000 |
| 6 | **Tveir heimar slf.** | *Qigong fyrir alla undir einu þaki allt árið* . Heilsueflingarverkefnið "Qigong fyrir alla" öðlist þak yfir höfuðið og verði heilsársverkefni og heilsusamfélagshús hreyfilistarinnar, byggt á 30 ára hefð Aflsins. | 0 | 8.000.000 | 0 |
| | | **Samtals:** | **18.550.000** | **32.000.000** | **16.650.000** |

| | Fyrirtæki/stofnun | Heiti verkefnis | Rauntölur 2016-2018 | Umsókn 2019-2021 | Tillaga 2019 |
|---|---|---|---|---|---|

Lagt fyrir velferðarráð 18. janúar 2018

| | |
|---|---|
| Frumvarp 2019 | **138.531.894** |
| Bundið í samningum. | 50.600.000 |
| Tillögur að almennum styrk | 10.050.000 |
| Tillögur að samningum | 70.950.000 |
| Samtala: | 131.600.000 |
| Til ráðstöfunar | 6.931.894 |